

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
12. ágúst 2014
4. fundur

Staðsetning: Kópavogi kl. 20.30-22.00

Mættir: Sigurður Þórir, Kristján, Daði, Davíð og Halldór
Boðuð forföll: Ómar, Theódór

Formaður opnar fundinn

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt án athugasemda

2. Árgjald

Greiðsluseðlar voru sendir út 1. ágúst og þegar hafa 126 greitt árgjaldið. Í fyrra greiddu 248 en mest hafa 310 borgað. Samkvæmt tölum frá Sigurði Þóri eru 420 þjálfarar starfandi og alls 700 skráðir. Ákveðið var að setja markmið upp á að ná 70% af starfandi þjálfurum (295).

Til að ná því markmiði stefnir stjórn á að gera þjónustu félagsins sýnilegri og vera til að mynda virkari á samfélagsmiðlum. Til að mynda með því að breyta Facebook síðu félagsins í like-síðu. Fulltrúar mæta á þjálfaranámskeiðin sem KSÍ heldur í haust.

Ákveðið var að eftirfarandi stjórnarmenn hafi samband við þjálfara og hvetji þá til að gerast félagar í KPÍ.

Halldór – 1. deild kvenna
Kristján – Úrvalsdeild karla
Davíð – 1. deild karla
Theódór – Úrvalsdeild kvenna
Daði – yfirþjálfarar

3. Gjöf með árgjaldi

Glæsilegur húfutrefill fylgir árgjaldinu. Er kominn til landsins og er tilbúinn til afhendingar. Ákveðið að senda í pósti 15. september. Sigurður Þórir kannar hvort KSÍ geti sent á félagsmenn.

4. Ráðstefna Þýska Knattspyrnuþjálfarafélagsins

Daði sótti ráðstefnuna í Mannheim í lok júlí. Mörg áhugaverð erindi, þar á meðal um líkamlegan undirbúning þjóðverja og andlega líðan leikmanna og þjálfara. Skýrsla væntanleg frá Daða sem hvetur til að fleiri íslenskir þjálfarar sækja þessa ráðstefnu hafi þeir kost á.

5. Bikarúrslitaráðstefna

62 þátttakendur skráðir á þriðjudegi, mikil ánægja með þátttökuna. Daði og Davíð koma og aðstoða Dag á laugardaginn. Sigurður tekur þátt í blaðamannafundi Lars Lagerback á fimmtudag og kynnir ráðstefnuna.

KBÍ og Breiðablik hafa samstarf um heimsókn þjálfara frá Real Madrid á sunnudaginn og á þriðjudag höfðu 12 þjálfarar skráð sig utan Breiðabliks. Almenn ánægja með framboðið á endurmenntun og hvati til að halda áfram á sömu braut.

6. Samningar

Að undirlagi Kristjáns og Davíðs hefur Diljá Mist Einarsdóttir tekið að sér að vera lögfræðingur KBÍ. Hún hefur undirbúið ráðningarsamning í samvinnu við þá og haft til hliðsjónar svipaða samninga frá Norðurlöndum. Stjórnarmeðlimir fá samninginn til yfirlestrar. Diljá er þegar byrjuð að aðstoða við álitamál þar sem þjálfara var sagt upp.

Umræða fór fram um stöðu þjálfara sem verktaka eða launþega. Ljóst er að félagin vilja halda verktakagreiðslum til streitu þrátt fyrir tilmæli Ríkisskattstjóra. Undanfarinn áratug hefur umfang og ábyrgð þjálfarastarfsins vaxið mjög og kröfur eru miklar með aukinni menntun þjálfara. KBÍ verður að vera í fararbroddi í að gæta að því að réttindi þjálfara aukist að sama skapi og séu virt.

Stungið upp á að félagið standi fyrir súpufundi um réttindi þjálfara í haust.

7. Þjálfaraferð til Dortmund

Dortmund tekur á móti hópnum síðustu helgina í október. Daði og Sigurður fara í að skipuleggja. Tuttugu pláss fyrir UEFA A þjálfara eins og rætt var á fyrri fundi. Daði athugar hvort einhver frá KSÍ ætli að koma og skoðar hvort það nægi að heimsækja Dortmund eða bæta eigi fleiru við.

8. Önnur mál

- Slælega staðið að framkvæmd útskriftar A þjálfara í sumar. Sigurður talar við KSÍ um að gera útskriftina veglegri.
- Athugasemd gerð við að KSÍ ráði til sín þjálfara án réttinda og reynslu til að vinna með yngri landsliðum kvenna. Sigurður mun bera upp athugasemdina við KSÍ.
- Stungið upp á að skoðuð verði úrræði fyrir þjálfara sem lenda í erfiðum málum. Daði og Halldór skoða með tilliti til mála sem hafa komið upp í Breiðablik og ÍR.

Fundi slitið